


## Gönguleiðir við Þorlákshöfn

Allar hinar númeruðu leiðir á þessu korti voru fjölfarnar til ferðalaga og flutninga á hestbaki allt fram á hestvagna- og bílaöld, sem hófst rétt eftir 1900. Þar má víða finna reiðgötur til leiðbeiningar.

- Frá Selvogsgöngd norður að meginfjallgarði eru um 6 km. Stefnt er vestan Svörtubjarga, þar sem enn gnæfir Eiriksvarða á suðurbrún. Hana hlóð sr. Eiríkur í Vogsósum eftir Tyrkjaránið 1627 til að halda þeim vondu ræningjum fjarri, enda koma þeir ekki meðan varðan stendur. Héðan er Selvogsgata um 14 km að bílvegi vestan Bláfjalla. Greinilegar eru víða fornar götur, en eigi eru vörður fyrir en kemur vestur undir Grindaskörð. Frá bílvegi vestan Grindaskarða eru um 11 km að Reykjanesbraut í Hafnarfirði.
- Frá Þorlákshöfn út í Selvog eru um 15 km. Vilji menn göngutúr þótt regn sé á, þá má ætla að þessi leið sé heppilegust til þess arna af öllum kortsins leiðum, því að ströndin er vissulega stórfengleg í úðvaða brimi og slagveðri. En hættulaust er ekki þótt jafnlent sé, því að menn freistast til að skoða skúta og klettaskorur.
- og 4. Ólafsskarðsleið. Upp að Krísuvíkurvegi eru um 5 km frá Þorlákshöfn, gengið eftir gamla bílveginum. Til fjallvegarins má velja milli nr. 3 og nr. 4. Sú síðarnefnda, sem er auðkennd með skilti við bílveginn rétt vestan Hlíðarenda, er að því leyti þægilegri að hvergi eru girðingar. Frá skiltinu að Litlu-Kaffistofu eru 22 km. Rauðtýptar stíkur voru settar með þessari leið frá Búrfelli austan við Geitafell og norður fyrir Fjallið eina. Sú sögn er til að leiðin sé kennd við Ólaf nokkurn Skálholtsbryta, sem þarna hjóp um á miðöldum.
- Þrengslaleið hin forna. Frá vegamótum gamla Þorlákshafnarvegar, rétt vestan Litlaland, eru um 7 km að bílvegi sunnan Meitla. Þaðan og vestan Meitla, um Þrengslin, er dýrðleg gönguleið milli hrauns og hliða, nær 8 km frá Meitlitaðli að bílvegi við Hveradali. Jafnan er fjallið á hægri hönd, enginn kostur á villum vegar.
- Frá Meitlitaðli og austan við Meitla norður að Hveradölum eru um 8 km, hin greiðfærasta leið. Farið er hjá Eldborgum tveim, sem gusu fyrir ca. 2000 árum og skópu hér miklar hraunbreiður. Að hálfu eru þetta sama leið og nr. 7.
- Frá Þorlákshöfn um eða vestan við Hraun eru um 10 km að Kerlingarbergi við fjallgarðsbrún. Þaðan var nefnd Lágaskarðsleið í Hveradali, um 11 km. Þegar hafin er ganga úr Ölfusbyggð, er heppilegt að fara af Þrengslabílvegi rétt ofan við vegamót Krísuvíkurvegar og lítinn spól norður eftir bílaslóð að gryfju. Gott er að ganga upp gil í fjallsbrúnni og er þá komið á greiða leið milli hrauns og hliða, undir Lönguhlíð. Gengið er um Sanddali, sem bera nafn með rentu, og stefnt í Lágaskarð milli Stóra-Meitils og Stóra-Sandfells.
- Heppilegt er að fara um hlað á (Hjalla)Króki og er fyrst gróf bíslóð og hlið á girðingum. Síðan verður þessi leið aðeins stíðari en hinar fyrrnefndu, þýðir rimar víða og grýttir melar, fornar götur lítt sýnilegar. Frá Hjalla í Hveradali eru nær 11 km. Fagurt mætti þykja að koma þessa leið að norðan í björtu veðri og sjá Suðurlandsundirlendið opna mjúklega faðm sinn.
- Um hlaðið á Þóroddsstöðum liggur Suðurferðagata um 8 km að þjóðvegi 1 á Helliðshöfði. Leiðin er svo kölluð vegna þess að hún var flutningaleið til Reykjavíkur og frá. Hún var einnig nefnd Skógargata, því að þar fóru Hjallamenn í Grafning til hrísriks. Frá Þóroddsstaðahlaði þarf að stefna fyrst vestar en í meginstefnu, yfir gaddavir, yfir vörðubroti (N63°7'55"/V21°16'42"). Hér er beygt til hægri, farið yfir Hvanngil ofan gljúfra, og stefnt milli Fremra- og Efra-Háleitis. Norðan Háaleita er best að fylgja vesturbrún Þurárbrunnans, sem rann um Krists burð, og þvert yfir hann (beygja við N64°00'06"/V21°16'55") þar sem hann er mjóstur, á móts við miðja Hverahlíð. Þá er stutt að Lofti, þar sem einn farvegur Hengladalsár rann undir þjóðveg 1.



Viðmiðun: Hjörsey 1955  
 Reykjavegur  
 Gönguleiðir  
 Þjóðvegir